

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um lánaþyrirgreiðslu fjármálastofnana.

Frá Njáli Trausta Friðbertssyni.

1. Hver eru heildarútlán íslenskra fjármálastofnana til fasteignafélaga og hvernig hafa þau þróast frá árinu 2010? Eru til gögn um hversu stór hluti lánaþyrirgreiðslu fjármálastofnana (fyrirtækja) til fasteignafélaga tengist ferðaþjónustu?
2. Hver eru heildarútlán fjármálastofnana til orkufyrirtækja og hvernig hafa þau þróast frá árinu 2010?
3. Hver eru heildarútlán fjármálastofnana til sjávarútvegsfyrirtækja (útgerðar og vinnslu) og hvernig hafa þau þróast frá árinu 2010?
4. Hver eru heildarútlán fjármálastofnana til flugfélaga (flugrekstraraðila) og hvernig hafa þau þróast frá árinu 2010?
5. Hefur kerfislæg áhætta íslenskra fjármálafyrirtækja gagnvart einstökum atvinnugreinum verið metin og ef ekki, telur ráðherra mikilvægt að gera slíkt mat?

Skriflegt svar óskast.